

46. stjórnarfundur Bergrisans bs.
26.09.2022

Fjarfundur hefst kl. 14.30 á Teams

Mætt:

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Svava Davíðsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá

Bókun vegna sívaxandi halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks

Sveitarfélögin Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur, Sveitfélagið Árborg, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur reka byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks sem nefnist Bergirisinn. Fer Bergirisinn fyrir skipulagi og framvæmd þjónustunnar og er hlutverk byggðasamlagsins að útfæra hana.

Stjórn Bergrisans lýsir yfir miklum áhyggjum af vaxandi halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks. Lögbundið framlag til sveitarfélaga og fjárframlög Jöfnunarsjóðs standa ekki undir kostnaði við rekstur málaflokksins. Ábyrgð sveitarfélaganna er rík þegar kemur að rekstrinum og vilja þau getað staðið undir þeirri ábyrgð.

Nýleg greining starfshóps ráðherra á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020 sýnir að rekstrarniðurstaða sveitarfélaga landsins vegna málaflokksins var neikvæð um 8,9 milljarða króna og hafði þá þrefaldast á þremur árum frá 2018. Ljóst er að hallinn á árinu 2021 var umtalsvert meiri.

Stjórn Bergrisans bs. fagnar skipan starfshóps félags- og vinnumarkaðsráðherra um mótun tillagna um kostnaðarsiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk og skorar á ráðherra að hraða vinnu hópsins.

Stjórn Bergrisans leggur áherslu á að ríkisvaldið komi til móts við langvarandi halla á rekstri málaflokksins í umdæmi Bergrisans undanfarin ár og tryggi í framhaldinu aukið fjármagn til málaflokksins til framtíðar. Stjórn Bergrisans óskar eftir samtali við Jöfnunarsjóð og félags- og vinnumálaráðuneyti vegna uppsafnaðs hallarekstur síðastliðinna ára.

Fundi slitið kl 15.05